



Reykjavík, 3. febrúar 2025

VEL24100089

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: **Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hækkun leiguverðs hjá Félagsbústöðum**

Þann 30. október 2025 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um hækkun leiguverðs hjá Félagsbústöðum:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort Félagsbústaðir ætli að hækka leigu um 6,5% umfram vísitölu, og ef svo er, er óskað upplýsinga um mótvægisáðgerðar.

Svohljóðandi greinargerð fylgdi fyrirspurninni:

Greinargerð

Það er mat flokksins að verið sé að ráðast á fátækasta fólkið í borginni. Félagsbústaðir vilja hækka. Félagið leigir út húsnæði til fólks undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Flokkur fólksins hefur mótmælt þessu harðlega strax á umsagnarferli. Ekkert lát er á árásum á fátækasta fólkið í borginni. Flokkur fólksins mun aldrei styðja það að leiga verði hækkuð og það án nokkurra mótvægisáðgerða. Ef þarf að hækka húsaleigu hjá Félagsbústöðum til að halda fyrirtækinu á floti er fokið í flest skjól hjá Félagsbústöðum. Það er mat Flokks fólksins að viðskiptamódel Félagsbústaða gangi ekki upp miðað við núverandi forsendur.

Leigumarkaðurinn er alvarlega sjúkur og hafa stjórnvöld gert lítið til að koma böndum á hann. Flokkur fólksins vill koma varanlegri skikkan á hinn almenna leigumarkað og setja takmarkanir varðandi hækkunir á leiguverði. Leita þarf annarra leiða en að hækka leigu hjá þeim verst settu. Frekar mætti skoða að styrkja Félagsbústaði með framlögum. Efla þarf réttarvernd leigjenda og verja leigjendur Félagsbústaða fyrir hækkunum með sérstökum áðgerðum s.s. að hækka sérstakan húsnæðisstuðning sem nemur hækkunum Félagsbústaða.

Svar:

Á fundi velferðarráðs þann 15. janúar 2025 var samþykkt tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs um breytingar á leiguverði Félagsbústaða sem felur sér hækkun á leiguverði um 1,5% frá og með 1. maí 2025. Samþykkt velferðarráðs var staðfest á fundi borgarráðs 23. janúar 2025 og fer til endanlegrar afgreiðslu í borgarstjórn 4. febrúar nk.

Hækkun leigu um 1,5% nemur að meðaltali tæplega 2.737 kr. á mánuði pr. leigjanda.



Reykjavík